

Fundur með verkefnastjórn Rammaáætlunar  
vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda á  
Hróönýjarstöðum

13. ágúst 2019



Hagsmunir.is

# Hver erum við

Við erum íbúar og fasteignaeigendur á nágrannajörðum Hróðnýjarstaða.

**Ljárskógar:** Arnór Björnsson

**Glerárskógar:** Bjarnheiður Magnúsdóttir, Viðar Waage, Björk Magnúsdóttir, Steinar Karlsson

**Ljarkot:** Smári Hjaltason, Sævar Hjaltason

**Vígholtsstaðir:** Sigurbjörn Sigurðsson, Melkorka Benediktsdóttir, Sigurður Sigurbjörnsson

**Húsholt í landi Vígholtsstaða:** Steinunn M. Sigurbjörnsdóttir, Haraldur Reynisson

**Melholt í landi Vígholtsstaða:** Sigurborg H. Sigurbjörnsdóttir, Sveinn Sigurðsson

Við höldum úti vefsíðunni [www.hagsmunir.is](http://www.hagsmunir.is) þar sem við söfnum saman upplýsingum um málið og rekjum á tímalínu.

# Afstaða okkar

- Við erum andvíg því að landbúnaðarjörðinni Hróðnýjarstöðum verði breytt í iðnaðarsvæði og erum algjörlega mótfallin því að ráðist verði í virkjunarframkvæmdir á svæðinu.
- Við teljum fáheyrt að reisa eigi vindorkuvirkjun svo nærri íbúabyggð og teljum að þær framkvæmdir sem ráðgert er að ráðast í muni valda okkur og nágrönnum okkar verulegum óþægindum, mikilli skerðingu á lífsgæðum og fjárhagstjóni.
- Við teljum einfaldlega að Hróðnýjarstaðir séu alltof nálægt byggð og útivistar- og veiðisvæðum til þess að það sé nokkur skynsemi í að þar rísi vindorkuvirkjun. Um það mun einfaldlega aldrei verða sátt.

# Áhrif

## Veglagning og þungaflutningar

Til þess að þungaflutningar af þessari stærðargráðu geti farið fram þarf að ráðast í miklar vegaf framkvæmdir. Enn vitum við ekki hvar sú veglagning væri fyrirhuguð, en um tvennt er að ræða. Í gegnum skógræktina á Vígholtsstöðum eða í gegnum veiðisvæði Ljárskóga.

## Jarðrask og framræsing votlendis

Ljóst er að við þessa framkvæmd mun þurfa að þurrka upp mýrar með tilheyrandi losun koltvísýrings. Einnig mun verða verulegt jarðrask við vegagerð og uppsetningu vindmylla, tengivirkis o.s.frv. Um 630 m<sup>3</sup> af steypu þarf í undirstöðu hverrar vindmyllu (80 – 100 steypubíla)

## Vinnubúðir

Fjöldi starfsmanna þarf til að reisa mannvirki eins og þetta. Ekki er vitað hvar vinnubúðir muni rísa né heldur hversu margt fólk mun tímabundið búa á svæðinu.

## Áhrif á fólk

Nokkuð hefur verið skrifað um að rannsaka eigi hvaða áhrif þessar framkvæmdir muni hafa á fugla, fiska og náttúru. Hins vegar er hvergi minnst á það að rannsaka þurfi hvaða áhrif þetta muni hafa á fólk. Umræddar fyrirhugaðar framkvæmdir hafa þegar haft neikvæð áhrif á fólk í nágrenninu og valdið áhyggjum, kvíða og hræðslu.

# Stjórnvöld og skipulag

## Skipulagsbreyting

- Er virkilega hægt að kaupa hvaða jörð/lóð sem er og ætlast til að viðkomandi bæjarfélag samþykki að breyta því eftir á í iðnaðarsvæði?
- Við teljum mjög varhugavert fyrir Dalabyggð að ráðast í þessa skipulagsbreytingu að svo óathuguðu máli þar sem jafnræðisregla gæti gert það að verkum að ekki væri hægt að neita öðrum um samskonar skipulagsbreytingu

## Stefnumótun

- Dalabyggð hefur látið verkfræðistofuna Eflu vinna fyrir sig skýrslu um stefnumótun í vindorkumálum (ath. Efla vinnur líka breytingarnar á aðalskipulagi Dalabyggðar og er líka með viðskiptavini sem bíða þess að fá leyfi til að reisa vindorkuvirkjanir í landinu, m.a. Storm Orku)
- Skýrslan er gefin út 18. júní 2018 en virðist ekkert hafa verið notuð

## Samvinna og samráð við íbúa

- Á þeim tveimur árum sem liðin eru síðan þetta mál hófst hefur okkur, næstu nágörnum, aldrei verið boðið til fundar með sveitarstjórn til þess að ræða þessar risavöxnu breytingar
- Þvert á móti höfum við þurft að hafa all mikið fyrir því að útvega okkur upplýsingar og fá svör við spurningum

# Hróðnýjarstaðamálið

Eins og fram kemur á tímalínu á [www.hagsmunir.is](http://www.hagsmunir.is) fór þetta mál illa af stað.

- Sveitarstjórn og Storm Orka undirrita 3. október 2017 Vilja- og samstarfsyfirlýsingu. Þar kemur fram að Storm Orka hafi “áralanga reynslu í þróun slíkra verkefna”. Ekkert finnst um reynslu fyrirtækisins í slíku og af heimasíðu fyrirtækisins má skilja að þetta verkefni sé þeirra fyrsta.
- Sveitarstjórn setur fram lýsingu á breytingu á aðalskipulagi í desember 2017 og auglýsir hvergi.
- Við komumst að þessu fyrir tilviljun og óskum eftir nánari upplýsingum. Upp frá því var boðað til íbúafundar í lok janúar 2018. Sá íbúafundur fór að mestum hluta í önnur mál en þetta og ekki orð kom frá sveitarstjórn á þeim fundi um þessar fyrirhuguðu skipulagsbreytingu. Einungis kynning (söluræða) frá Storm Orku.
- Storm Orku menn svöruðu annaðhvort með útúrsnúningum eða lélegu gríni þegar þeir fengu alvöru spurningar. Sem dæmi um það hafa þeir bæði á téðum íbúafundi og eins á fundi með okkur, svarað spurningunni um hver standi að baki fjármögnun þessa verkefnis á þá leið að það geri þeir sjálfir. Grínuðust með að hátt væri undir koddanum hjá þeim.

# Umfang framkvæmda - myndband

Til þess að gera sér grein fyrir umfangi framkvæmda við virkjunina sem sótt hefur verið um að reisa á Hróðnýjarstöðum er hér myndband af sambærilegri virkjun sem sett var upp á Filipseyjum fyrir nokkrum árum. Sú virkjun er örlítið stærri en sú sem sótt hefur verið um að reisa á Hróðnýjarstöðum, eða 150mw með 50 vindmyllum í stað 130mw með 40 vindmyllum.

[https://youtu.be/b7\\_ix42ghCQ](https://youtu.be/b7_ix42ghCQ)

Takk fyrir

[hagsmunir@hagsmunir.is](mailto:hagsmunir@hagsmunir.is)  
[www.hagsmunir.is](http://www.hagsmunir.is)



Hagsmunir.is